



Minjastofnun
Íslands

Vignir Albertsson skipulagsfulltrúi
Faxaflóahafnir sf
Tryggvagötu 17
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2015
Tilvísun: 201501-0058

Göngupallur við Grandagarð 8, 101 Reykjavík

Í tölvupósti 10. ágúst 2015 leitar Faxaflóahafnir sf. eftir álitni Minjastofnunar Íslands á göngupalli meðfram húsinu við Grandagarð 8. Með erindinu fylgja teikningar er sýna tillöguna.

Við húsið liggur hluti af steinhleðslu er reist var við Grandagarð 8 og verðbúðarbryggju, frá Rastargötu til Bótabryggju, sem byggð var á árunum 1940-1945. Steinhleðslunar voru friðaðar 2012 og eru því friðlýst mannvirki samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Nú er óskað eftir að útbúa göngupall framan við húsið, sem fara yfir steinhleðslunna, samfara breyttri starfsemi í húsinu. Fyrirhugaður göngupallur mun tengjast palli er liggur framan við Sjóminjasafnið.

Á teikningum er fylgdu erindinu er sýnt hvernig göngupallurinn er útfærður með því móti að ekkert hvíli á steinhleðslunum né upp við þær. Minjastofnun gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar framkvæmdir eins og þær eru sýndar á teikningum en leggur ríka áherslu á að ekki sé hróflað við steinhleðslunum.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Guðbjörg Guðmundsdóttir
arkitekt, minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Pétur H. Ármannsson arkitekt
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)